

Fundargerð 17. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn föstudaginn 9. maí 2008, kl. 8:30-10:00 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Einar Karl Haraldsson varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Gunnar Már Sigurfinnsson. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Forföll boðuðu: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Dagur B. Eggertsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson og Sævar Skaptason.

Einar Karl Haraldsson stýrði fundinum og Björg Þorkelsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Umferðaröryggismál. Alþjóðlegar merkingar í vegakerfinu.
3. Kynning á markaðsverkefnum Ferðamálastofu 2008.
4. Slæm útkoma veitingastaða á landsbyggðinni í könnun Ferðamálastofu. Hvað er til ráða?
5. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 16. fundar samþykkt.

2. Umferðaröryggismál. Alþjóðlegar merkingar í vegakerfinu.

Varaformaður býður Auði Þóru Árnadóttur forstöðumann umferðardeildar Vegagerðarinnar og Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúa Umferðarstofu velkomin á fundinn.

Merkingar: Bornar voru upp áhyggjur vegna merkinga á Reykjanesbraut eins og rætt var ítarlega á síðasta fundi. Umferðastofa tekur undir áhyggjur um lélegar merkingar á vegbrautum. Vegagerðin bregðist ávallt vel við að en mál stoppi oft hjá verktökunum. Vegagerðin segir að merkingar á vegum og framkvæmdum séu alltaf til umræðu. Telur vanta svigrúm til viðurlaga. Reykjanesbrautin hafi verið skelfileg haustið 2007 en Vegagerðin hafi staðið fyrir úrbótum og brautin miklu betri frá því fyrrihluta árs 2008.

Tungumál: Vegagerðin telur að ekki eigi að velja eitt tungumál á skiltin heldur eigi táknið að segja allt. Ráðsmenn benda á að séríslenskar aðstæður sé oft erfitt að merkja á alþjóðlegan hátt svo allir skilji. Einnig er bent á að séu skilti á annað borð með texta þá skuli hann vera bæði á íslensku og ensku. Ferðamálaráð telur eðlilegt að taka enskuna fram yfir önnur tungumál þar sem flestir sem heimsækja landið kunna ensku. Fundarmenn tjáðu sig um merkingar í öðrum löndum og voru sammála um að merkingar sé ekki nógu góðar hér á landi.

Fræðsla: Útvarp Umferðarstofu er ekki á ensku og reyndar stendur til að leggja það niður í núverandi mynd og dagskrárgerðarmenn flytji umferðarfréttir af vef Umferðarstofu.

Sjóvá dreifir bæklingi sem er á 5 tungumálum í bílaleigubíla. Hefur mælst mjög vel fyrir.

Fræðslumyndband er einnig sent á bílaleigur og á að fá flugfélög í auknum mæli til að sýna um borð í vélum á leið til landsins. Er einnig í Norrænu og á heimasíðum ferðaskrifstofa. Umferðarstofa hvetur ferðamálaráð að láta vita hverjir þurfa að fá myndbandið.

Lög og reglugerðir: Leiðbeiningar eru til hjá Vegagerðinni en ekki eru til lög um merkingar á vegaframkvæmdum. Reglugerð í smíðum þar sem gerir lögreglunni kleift að beita viðurlögum.

Iðnaðarráðuneytið setji sig í samband við samgönguráðuneyti varðandi þann hluta reglugerðar er snýr að erlendum ferðamönnum.

Gestum er þakkað fyrir komuna. Ferðamálaráð telur þetta upphaf að góðu samstarfi þessara aðila.

3. Kynning á markaðsverkefnum Ferðamálastofu 2008.

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri kynnir áherslur í markaðsmálum stofnunarinnar. Starfsemi markaðssviðs er á fjórum skrifstofum og mikil áhersla lögð á þátttöku í sýningum, ferðir fjölmiðla til Íslands og kynningar ýmiss konar. Iceland Naturally verkefnið eru þungamiðjan í starfsemi skrifstofanna í NY og Frankfurt.

Að kynningunni lokinn er rætt um að ríkisstyrkjum verði komið aftur á eins og á árunum 2002-2004. Ferðamálastofa fari yfir það hvað aðferðarfræði sé nothæf í ljósi kærumáls til ESA á sínum tíma og viðbrögð stjórnvalda við henni.

Umræður snúast um umhverfis- og orkumál sem hluta af ímynd landsins. GMS býst til að fá kynningu frá Icelandair á næsta fundi ferðamálaráðs.

4. Slæm útkoma veitingastaða á landsbyggðinni í könnun Ferðamálastofu.

Þessum lið er frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál.

Spurt er um samstarfsnefnd milli ráðuneyta vegna útfærslu niðurstaðna nefndar forsætisráðherra um ímyndarmál. Vangaveltur um skipan nefndarinnar og áherslur hennar. Verði *Promote Iceland* að veruleika skuli það að vera vettvangur ekki stofnun.

Fundi slitið 10:00. Næsti fundur ákveðinn síðar.

